

**23. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
24. september 2015 og hófst hann kl. 18:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1509209 - Reglur í félagslegri heimaþjónustu**

Umræður um innihald og mörk félaglegrar heimaþjónustu og hvort þörf sé á frekari breytingum á reglum. Lagt fram yfirlit um þjónustu umfram lögbundnar skyldur sveitarfélagsins.

*Sviðsstjóra falið að vinna að breytingum á reglum um heimaþjónustu og gjaldskrá samkvæmt umræðum á fundinum.*

**2. 1503272 - Endurskoðun reglna um akstursþjónustu fatlaðra og aldraðra 2015**

Í tölvupósti frá 14. september gefur Jón Þorsteinn Sigurðsson, réttindagæslumaður fatlaðs fólks á Vesturlandi og Vestfjörðum umsögn sína um drög að reglum um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á Akranesi.

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar ábendingar réttindagæslumanns og felur sviðsstjóra að svara fyrirspurnum hans. Gerðar breytingar á 3. grein reglnanna samkvæmt ábendingu Jóns Þorsteins.*

**3. 1505095 - Trúnaðarmál**

**4. 1507089 - Breytingar á vinnuskipulagi í búsetuþjónustu**

Áður á dagskrá 19. fundar Velferðar- og mannréttindaráðs þann 5. ágúst 2015. Staða mála varðandi mönnun kynnt og tillaga að skipulagi sérúrræðis.

**5. 1509210 - Skrifstofuaðstaða fyrir forstöðumann sambýlisins við Laugarbraut**

Leitað hefur verið að lausn á aðstöðuleysi forstöðumanns sambýlisins við Laugarbraut. Til greina kemur að leigja laust skrifstofuymi í húsi Rauða krossins að Skólabraut 25a.

*Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir að leitað verði lausna á aðstöðuleysi forstöðuproskafjalfa í húsnæði sveitarfélagsins.*

VG

6. **1504123 - Fundargerðir 2015 - Samráðshópur um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6**

Fundargerðir 7.-9. fundar samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, ásamt fylgigögnum lagðar fram til kynningar.

7. **1411152 - Vesturgata 102 - breytingar**

Lagt fram til kynningar svarbréf Velferðarráðuneytis frá 14. september 2015, þar sem samþykkt er beiðni Akraneskaupstaðar um undanþágu frá stærðarviðmiðum reglugerðar nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu vegna Vesturgötu 102.

*Velferðar- og mannréttindaráð mun skoða uppbyggingu á sambýlum á Akranesi með hliðsjón af svari ráðuneytisins.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:45.**

Vilhjörg P. Guðbjartsd.

Eira Þ. Bránn

Gunnhildur B.

Júlgjörg Lárusdóttir  
Júlgjörg Lárusdóttir